

Minnisblað

Til: Þingmanna Norðausturkjördæmis
Frá: Sjúkrahúsið á Akureyri
Dags.: 5. október 2022
Efni: Fjárlög ársins 2024 og rekstrarstaða Sjúkrahússins á Akureyri

Rekstrarumhverfi sem einkennt hefur starfsemi SAK undanfarin ár má að mestu rekja til áhrifa eftir Covid-19 heimsfaraldursins. Fordæmalaust álag var á starfsfólki SAK þetta tímabil og hefur það valdið margþættu, viðvarandi og kerfislegu óhagræði sem útskýrir að langstærstum hluta þann rekstrarhalla sem blasir við. Langvarandi veikindi, aukin viðvera annarra starfsmanna til að viðhalda starfseminni og almenn mannekla hefur rifið verulega í útgjaldahlið stofnunarinnar á árinu 2023. Ofan á það hefur ferðapjónustan aukist mikið með auknu álagi á starfsemina. Einnig hefur verið skortur á úrræðum fyrir aldraða en rekja má ástæðu þess m.a. til erfiðleika í húsnæðimálum er mygla kom upp á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri sem leiddi til lokana deilda og fækkunar rýma. Samspil þessara þátta, sem voru ófyrirséðir, hafa kerfislega unnið gegn áætlunum og þeim úrbótum sem stjórnendur SAK lögðu upp með fyrir árið 2023.

1. Þjónusta á SAK

- Engri þjónustu hefur verið hætt á árinu því talin er þörf á allri þeirri þjónustu sem í boði er. Skerðing var þó á starfsemi Kristnesspítala yfir sumartímam. Skerðingunni var mætt með auka álagi á öðrum starfseiningum þar sem þörfin fyrir þjónustuna hverfur ekki.
- Legudeildir fullorðinna hafa verið með allt að 100% nýtingu rúma sem eykur álag þegar glímt er við veikindi starfsfólks og manneklu á sama tíma.
- Skerðing var á valaðgerðum vegna manneklu á skurðsviði sem leiddi af sér tekjufall.
- Göngudeildarþjónusta hefur aukist um tæplega 40% á sl. sex árum með tilheyrandi þrengingum í húsnæði deildarinnar og þörf fyrir fjölgun starfsfólks. Huga þarf að úrbótum m.t.t. starfsmanna og hentugra húsnæði til að mæta þörfum sjúklinga.
- Stefna SAK er að sinna sjúklingum í heimabyggð í stað þess að senda suður eða til útlanda með tilheyrandi kostnaði fyrir bæði samfélagið og einstaklingana. Ekki alltaf gengið eftir.
- Veikari sjúklingar og aukin hjúkrunarþyngd krefst aukins mannafla en manneklan er okkar stærsta áskorun. Gripið hefur verið til ýmissa aðgerða sem útheimtir fjármagn.

2. Rekstur og starfsemi árið 2023 - Rekstrarvandi SAK stefnir í um 1000 mkr. í lok árs

- Helstu ástæður rekstrarvanda ársins 2023
 - ✓ Aukin veikindi sem veldur því að stg vegna langtíma veikinda hefur fjölgað frá árinu 2017. Fjöldi veikindadaga pr. stg pr. mánuð 2023 eru 1,86 stg sem svarar til 8,6% veikindahlutfalls. Beinn kostnaður er áætlaður fyrir árið 2023 um 926 mkr. Afleiddur kostnaður ekki ljós en hann getur legið á bilinu 88 til 148 mkr. fyrir árið 2023.
 - ✓ Neikvæð frávik í orlofsskuldbindingu – standa nú í um 340 mkr.

- ✓ Stöðugildum læknanema, sérnámsgrunnslækna og sérnámslækna hefur fjölgað um tæp 10 frá 2015 vegna breytinga á fyrirkomulagi sérnámslækna á sjúkrahúsum og eru um 26 stg í dag. Gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður 2023 verði um 612 mkr.
 - ✓ Kostnaður vegna sjúkraflugs hefur vaxið umtalsvert samhliða auknum fjölda sjúkrafluga. Árið 2016 var hann 13,2 mkr., árið 2021 var kostnaðurinn 87,9 mkr en hækkar verulega fyrir árið 2022 og endar í um 104 mkr. Á fyrstu 8 mánuðum ársins 2023 er kostnaðurinn kominn í 72 mkr.
 - ✓ Kostnaður vegna leyfisgjalda hefur aukist mikið frá árinu 2018 en innleiðing á M365 hófst í byrjun árs 2019. Leyfiskostnaður árið 2018 var um 8,7 mkr. Árið 2019 fer hann í um 25 mkr. og mest í 45,6 mkr. árið 2021. Árlegur kostnaður eftir 2021 er um 30 mkr. Full fjárveiting hefur ekki fylgt þessari innleiðingu sem var tekin af ríkinu fyrir flestar ef ekki allar ríkisstofnanir.
- b) Margar miðlægar aðgerðir hafa verið settar af stað sem miða að því að styðja við stjórnendur og starfsfólk með það markmið að létta á álagi og draga úr kostnaði til lengri tíma litið. Sem dæmi má nefna eflingu lyfjapjónustu, miðlæg þjónusta, hækkun stofnanasamnings hjúkrunarfræðinga o.fl. Slíkt útheimtir fjármagn en við erum farin að sjá árangur.
- c) Undanfarin ár hefur einnig verið dregið úr og frestað meiriháttar viðhaldi til að vinna upp á móti hallarekstri. Það er mjög óskynsamlegt að halda því áfram á næsta fjárlagaári vegna þeirrar gríðarlegu viðhaldsskuldar sem SAK er komið í.

3. Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2024

- a) Stjórnendur SAK fagna því að bætt hafi verið í grunninn fyrir árið 2023 en það var ekki nóg og mikilvægt að styrkja rekstrargrunninn enn frekar.
- b) Athugasemdir eru gerðar við það að kostnaður vegna ferðakostnaðar sé lækkaður þar sem ferðakostnaður er íþyngjandi og fer hækkandi. Stjórnendur og starfsmenn þurfa að sækja fundi og námskeið í Reykjavík auk þess sem umtalsverður fjöldi sérfræðinga búa á höfuðborgarsvæðinu og koma með flugi til vinnu á SAK.
- c) Mikilvægt að fjárveitingar mæti þeim aðstæðum sem stjórnendur SAK hafa staðið frammi fyrir á undanförunum árum. Við teljum að lausnin felist í að fjármagna mönnun í samræmi við aðstæður, ásamt því að fjárfesta enn frekar í innviðum. Slíkt dregur úr rekstrarkostnaði til framtíðar og rýfur þann vítahring sem SAK hefur verið fast í undanfarinn áratug.
- d) Áfram verður horft til hagræðinga en vandséð er að vinna bug á langvarandi hallarekstri sem rekja má nánast að öllu leyti til álags og veikinda starfsmanna, nema skerða verulega þjónustu og/eða leggja niður ákveðna starfsemi. Slíkar aðgerðir eru best til þess fallnar að skapa aukinn kostnað á öðrum stofnunum og fjárlaganúmerum og ganga þvert gegn stefnu ríkisins að efla heilbrigðisþjónustu í nærumhverfi samfélaga.

Virðingarfyllt,

Hildigunnur Svavarsdóttir, forstjóri